

Verkfræðistofa Austurlands ehf  
Sigurður Jónsson,  
byggingafulltrúi  
Hafnargötu 28  
710 Seyðisfjörður

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
29 JUNI 2009 54.23	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. júní 2009  
Tilvísun: UST20090400054/ksj

### Lóð fyrir skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs í Loðmundarfirði. Tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Seyðisfjarðar er barst 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi lóðar fyrir ferðaþjónustu í landi Klyppstaðar í Loðmundarfirði í Borgarfjarðarhreppi.

Tillaga að deiliskipulagi nær til 7735 m<sup>2</sup> lóðar fyrir ferðaþjónustu á vegum Ferðafélags Fljótsdalshéraðs á jörðinni Klyppstað í Loðmundarfirði. Á lóðinni er áætlað að staðsetja svefnskála, skálavardarhús og hreinlætishús. Svæðið fyrir fyrirhugaða lóð er í jaðri mýrar sem var ræst áður en byggð lagðist af í Loðmundarfirði.

### Náttúruminjar

Jörðin Klyppstaðir þar sem ofangreindar framkvæmdir eru áætlaðar er á svæði sem er númer 607 á náttúruminjaskrá „*Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri...*“ Einnig er svæðið undir hverfisvernd.


### Heimreið


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við gerð fyrirhugaðrar heimreiðar að lóð frá aðkomuvegi, verði þess að gæta að heimreiðin verði í sömu hæð og land umhverfis og forðast verði allt óþarfa rask.

**Niðurstaða**

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi lóðar fyrir ferðaþjónustu í landi Klyppstaðar í Loðmundarfirði, Borgarfjarðarhreppi, enda verði þess gætt að rask við framkvæmdir verði eins lítið og kostur er.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Afrit/Samrit sent:

Afrit/Samrit sent: